



ERINDISBRÉF FYRIR SVIÐSSTJÓRA SKIPULAGS- OG UMHVERFISSVIÐS

Staða:	Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.
Stjórnsýsla:	Skipulags- og umhverfisráð og bæjarráð.
Yfirmaður:	Bæjarstjóri.
Undirmenn:	Starfsmenn skipulags- og umhverfissviðs.

Meginviðfangsefni:

Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs (hér eftir nefndur sviðsstjóri) hefur yfirstjórn með þeim verkefnum sem undir hans svið heyra, s.s. skipulags- og byggingarmál, framkvæmd og viðhald fasteigna, gatna, gangstétta og leiksvæða og umhverfismál. Meginhlutverk skipulags- og umhverfissviðs er að veita stoðþjónustu til sviða, deilda og stofnana Akraneskaupstaðar. Sviðsstjóri starfar með skipulags- og umhverfisráði og vinnur að verkefnum samkvæmt ákvæðum erindisbréfs skipulags- og umhverfisráðs og samkvæmt nánari ákvörðun bæjarstjóra.

Sviðsstjóri er yfirmaður þeirra deilda, fyrirtækja og stofnana sem heyra undir skipulags- og umhverfisráðs Akraneskaupstaðar og er ekki falið öðrum samkvæmt sérstökum samþykktum. Stjórnskipulega heyrir starfið undir skipulags- og umhverfisráði. Sviðsstjóri hefur umsjón og eftirlit með því að ákvörðunum bæjarstjórnar, bæjarráðs, skipulags- og umhverfisráðs og bæjarstjóra í umboði bæjarstjórnar sé framfylgt. Hann hefur umsjón og eftirlit með að framkvæmd laga og reglugerða sem gilda um starfsemi sveitarfélagsins og falla undir skipulags- og umhverfisráð sé framfylgt. Sviðsstjóri ber ábyrgð á rekstri og faglegri starfsemi sviðsins og þeirra fyrirtækja og deilda sem undir það heyra. Erindisbréf skipulags- og umhverfisráðs Akraneskaupstaðar gildir um meginviðfangsefni starfsins, eftir því sem við á.

Helstu verkefni og starfsskyldur:

Sviðsstjóri skal vinna samkvæmt þessum samþykktum og reglum:

- ♦ Samþykkt bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar um stjórn og fundarsköp.
- ♦ Stefnumótun um gildi og framtíðarsýn Akraneskaupstaðar.
- ♦ Erindisbréf skipulags- og umhverfisráðs.
- ♦ Mannauðsstefnu Akraneskaupstaðar.
- ♦ Mannréttindastefnu Akraneskaupstaðar.
- ♦ Skólastefnu Akraneskaupstaðar.
- ♦ Velferðarstefnu Akraneskaupstaðar.
- ♦ Atvinnumálastefnu Akraneskaupstaðar.



- ♦ Öðrum samþykktum og reglum um stjórn og starfshætti í stjórnarsýslu Akraneskaupstaðar sem bæjarstjórn staðfestir og varða verksvið starfsins.

Helstu verkefni eru þessi:

- ♦ Vinnur að því að stofnanir og deildir er heyra undir hann uppfylli hlutverk sín og vinni að markmiðum þeim er bæjarstjórn setur á hverjum tíma.
- ♦ Setur markmið um verkefni er varða fleiri en eina stofnun eða deild sviðsins og samræmir vinnu þeirra.
- ♦ Er ráðgefandi aðili við bæjarstjóra um þau málefni er undir hann heyra.
- ♦ Vinnur að langtímaáætlunum varðandi þau málefni er undir hann heyra.
- ♦ Vinnur að starfs- og fjárhagsáætlunum stofnana og deilda sviðsins og veitir aðhald varðandi fjárhagsstöðu þeirra.
- ♦ Leggur fram erindi til skipulags- og umhverfisráðs og bæjarráðs er varða starfsemi sviðsins.
- ♦ Gerir tillögur til bæjarstjóra og skipulags- og umhverfisráðs varðandi stjórnskipulag.
- ♦ Sér um að hinar ýmsu starfsreglur innan sviðsins séu endurskoðaðar reglulega.
- ♦ Fer með stjórn verklegra framkvæmda sem sviðinu er falið og undirbýr og annast framkvæmd útboða og samninga við verktaka.
- ♦ Undirbýr og stýrir vinnu við gerð aðal- og deiliskipulags samkvæmt samþykktum bæjarstjórnar.
- ♦ Hefur umsjón með landupplýsingakerfi kaupstaðarins, útgáfu lóðablaða og lóðaskrár.
- ♦ Hefur umsjón með málum er lúta að almannavörnum og öryggi íbúa og mannvirkja og annast samskipti og samstarf þar að lútandi, allt samkvæmt nánari ákvörðun bæjarstjóra.
- ♦ Er ábyrgur fyrir virku upplýsingaflæði til forstöðumanna sem heyra undir sviðið.
- ♦ Annast önnur þau verk er bæjarstjóri felur honum.

Réttindi og skyldur:

Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs hefur réttindi og skyldur opinberra starfsmanna í samræmi við það sem kjarasamningar, lög og reglur kveða á um á hverjum tíma. Hann skal gæta trúnaðar í öllum málum sem hann vinnur að og helst sá trúnaður eftir að viðkomandi lætur af störfum.

Samþykkt á fundi skipulags- og umhverfisráðs Akraness þann 24. febrúar 2020.

Samþykkt á fundi bæjarstjórn Akraness þann 10. mars 2020.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,


BÆJARSTJÓRINN
AKRANES

Sævar Freyr Þráinsson

bæjarstjóri